



Tillaga um breytingu á 9. gr. samþykktá SSNE varðandi tímasetningu aukabings að hausti.

Stjórn SSNE gerir eftirfarandi tillögu að breytingu á samþykktum samtakanna:

1. mgr. 9. gr. verði svohljóðandi: „*Stjórn skal boða þingfulltrúa til a.m.k. tveggja aukabinga, eigi síðar en 30. september og 30. desember ár hvert.*“

Skýring:

Núgildandi ákvæði 1. mgr. 9. gr. kveður á um að boða skuli til aukabings að hausti eigi síðar en 30. ágúst ár hvert. Í 1. mgr. 7. gr. segir að stjórn skuli boða þingfulltrúa til þinga með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara og um leið skuli senda tilkynningu um þingstað, tíma, dagskrá, tillögur og önnur þinggögn. Af því leiðir að stjórn þarf að undirbúa aukabing haustsins í júlímánuði. Júlí er sá mánuður ársins sem flestir eru í sumarleyfi og fyrirsjáanlega mun verða mjög erfitt að ná til þeirra sem vinna þarf með og ræða við vegna undirbúnings og skipulags aukabings. Það er því mikilvægt að seinka haustþingi um einn mánuð til að gera skilvirkan undirbúning mögulegan.